

NÁMSLEIÐ

Rekstrar og frumkvöðlanám –
Frá hugmynd til framkvæmdar



FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ
ATVINNULÍFSINS

NAFN NÁMSKRÁR

Sölu-, markaðs og rekstrarnám
númer 18-264-2-440

NÁMSLEIÐ

Rekstrar- og frumkvöðlanám – Frá hugmynd til framkvæmdar, uppbrot námskrár 18-264-2-400

VINNUSTUNDIR NEMA

192 klukkustundir alls

HVERJUM ÆTLAÐ

Fullorönu fólki eldra en 18 ára

GERT AF: Mímir símenntun

Staðfest af FA samkvæmt reglum um uppbrot námskráa FA

ÚTGEFANDI

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, júlí 2025.



Efnisyfirlit

NÁMSLEIÐ – NÁMSKRÁ	1
TITILL:	1
<i>Námskrá: Sölu-, markaðs og rekstrarnám</i>	1
NÁMSLEIÐ LÝSING: REKSTRAR- OG FRUMKVÖÐLANÁM – FRÁ HUGMYND TIL FRAMKVÆMDAR	1
SKIPULAG	2
HÆFNIVIÐMIÐ NÁMS	2
NÁMSMAT	2
YFIRLITSTÖFLUR	3
Námsleið: Rekstrar og frumkvöðlanám – Frá hugmynd til framkvæmdar – úr námskrá: Sölu-, markaðs- og rekstrarnám.	3
NÁMSÞÆTTIR	4
FRUMKVÖÐLAFRÆÐI OG FYRIRTÆKJASMIÐJA F-FRUM2RF (1)	4
Lýsing	4
Hæfniviðmið námsþáttar	4
Námsmat	4
MARKAÐSRANNSÓKNIR	5
Lýsing	5
Hæfniviðmið námsþáttar	5
Námsmat	5
ÁÆTLANAGERÐ Í TÖFLUREIKNI F-TÖUP2FF (3)	6
Lýsing	6
Hæfniviðmið námsþáttar	6
Námsmat	6
VERKEFNASTJÓRNUN F-VEST2VV (1)	7
Lýsing	7
Hæfniviðmið námsþáttar	7
Námsmat	7
LYKILTÖLUR OG LAUSAFÉ F-VSKG2AR (1)	8
Lýsing	8
Hæfniviðmið námsþáttar	8
Námsmat	8
GERÐ VIÐSKIPTAÁÆTLANA - LOKAVERKEFNI F-LOVE3VÁ (1)	9
Lýsing	9
Hæfniviðmið námsþáttar	9
Námsmat	9
SAMNINGATÆKNI F-SAMN3MS (1)	10
Lýsing	10
Hæfniviðmið námsþáttar	10
Námsmat	10



Námsleið – námskrá

Vísað er til vefsíðu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (www.frae.is) á lista yfir hugtök í námskrám, námsleiðum og námslýsingum FA.

Titill: Námsleið: Rekstrar- og frumkvöðlanám – Frá hugmynd til framkvæmdar, - Námskrá FA, *Sölu-, markaðs og rekstrarnám*, brotin upp.

Námskrá: Sölu-, markaðs og rekstrarnám

Námsleið lýsing: Rekstrar- og frumkvöðlanám – Frá hugmynd til framkvæmdar

Námsleiðin sem hér er lýst er hluti af námskrá FA *Sölu-, markaðs og rekstrarnám*

Tilgangur námsins er að efla þekkingu og auka hæfni þeirra sem sinna eða hafa hug á að sinna, markaðsmálum eða að stofna til eigin reksturs. Markmið námsins er að fólk sem sinnir markaðstörfum eða er með eigin rekstur hafi til þess hæfni eins og henni er lýst í þessari námsleið Rekstrar- og frumkvöðlanám - Frá hugmynd til framkvæmdar. Lögð er áhersla á markaðsgreiningar, áætlanagerð ásamt því sem huga þarf að við rekstur og stofnun fyrirtækja. Af átján námsþáttum námskrárinnar sem liggur til grundvallar eru sjö námsþættir hennar nýttir hér í sérstaka námsleið.

Undantekning var gerð frá meginreglu um að breyta ekki lýsingu námsþáttar, eða öðru, úr námskrá að aukið var við lýsingu á námsþættinum *Áætlanagerð í töflureikni*. Það var gert að beiðni FA svo auðvelt væri að átta sig á innihaldi námsþáttarins.

Námsleiðirnar tvær: *Sölu- og markaðsnám – Grunnur að árangri* ásamt *Rekstrar- og frumkvöðlanám – Frá hugmynd til framkvæmdar* ná yfir alla námskrána *Sölu-, markaðs- og rekstrarnám*. Nemar geta skráð sig í aðra námsleiðina eða báðar.

Heildarnámstími námsleiðar er 192 klukkustundir en námskráin *Sölu-, markaðs og rekstrarnám* er alls 440 klukkustundir.

Skipulag

Viðurkenndur fræðsluaðili ber ábyrgð á framkvæmd námsins og skipar verkefnastjóra náms. Hlutverk verkefnastjóra er að hafa umsjón með náminu og framkvæmd þess, sjá til þess að námsþættir séu samþættir eins og kostur er og tryggja rökrétta samfellu þeirra. Framsetning námsefnis þarf að taka mið af reynslu nemanna.

Leiðbeinendur tala íslensku. Ef brýn þörf er á, skýra leiðbeinendur mál sitt á öðru tungumáli sem hentar nemahópi.

Hæfniviðmið náms

Að loknu námi skal nemandi geta skipulagt, undirbúið og metið eigin rekstur eða tekið þátt í rekstri með ábyrgð og yfirsýn.

Þekking

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- grundvallarþáttum reksturs, fjárhagsáætlun og markaðsgreiningu
- mismunandi rekstrarformi fyrirtækja
- helstu skjölum og formkröfum sem fylgja stofnun fyrirtækis
- uppbyggingu og mikilvægi viðskiptaáætlunar
- helstu hugtökum og aðferðum í samningatækni
- helstu hugtökum og aðferðum í verkefnastjórnun
- lykiltölum og mælikvörðum sem nýtast við rekstur og árangursmat.

Leikni

Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

- setja upp fjárhags- og kostnaðaráætlun í töflureikni,
- koma auga á markaðstækifæri og mótun viðskiptahugmynda
- gera viðskiptaáætlun með tilliti til rekstrar og arðsemi
- beita samningatækni og forgangsraða verkefnum
- taka þátt í samstarfi með það að markmiði að tryggja hag fyrirtækis.

Hæfni

Nemi skal geta hagnýtt sér þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- samþætta þekkingu og leikni í eigin verkefni og skila af sér faglega unninni viðskiptaáætlun
- meta arðsemi verkefna og taka þátt í stefnumótun innan rekstrar- eða frumkvöðlaverkefna
- sýna frumkvæði og ábyrgð í ákvarðanatöku sem tengist stofnun, rekstri og vexti fyrirtækis.

Námsmat

Námsárangur er metinn með fjölbreyttum aðferðum sem lýst er í kennsluáætlun með áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema. Gert er ráð fyrir að ferilbók nýtist í tengslum við verk- og vinnustaðanám þar sem við á.

Áhersla er á að bæði leiðbeinendur og nemar fari sem oftast yfir það sem hefur áunnist og hvernig gangi að ná hæfniviðmiðum námsins. Námsmat nýtist sem staðfesting á námsárangri og jafnframt sem lærdómur, hvatning og endurgjöf á námstímanum.



Yfirlitstöflur

Námsleið: Rekstrar og frumkvöðlanám – Frá hugmynd til framkvæmdar – úr námskrá: Sölu-, markaðs- og rekstrarnám.

Tafla 1: Skipulag náms

Tími er tilgreindur í klukkustundum

Nafn námsþáttar	Skammstöfun namskra.is	Klst. heild	Klst. Fræðslu	Klst. framlag -viðbót	Eining	Þrep
Frumkvöðlafræði og fyrirtækjasmiðja	F-FRUM2RF (1)	20	20		1	2
Markaðsrannsóknir	F-MARK2RH (6)	20	20		1	2
Áætlanagerð í töflureikni	F-TÖUP2FF (3)	20	16	4	1	2
Verkefnastjórnun	F-VEST2VV (1)	12	8	4	-	2
Lykiltölur og lausafé	F-VSKG2AR (1)	20	12	8	1	2
Gerð viðskiptaáætlana-Lokaverkefni	F-LOVE3VÁ (1)	80	32	48	4	3
Samningatækni	F-SAMN3MS (1)	20	12	8	1	3
Vinnuframlag námsmanns		192	120	72	9	

Tölur í sviga í töflunni vísa til útgáfunúmers námsþáttar á vefsvæði namskra.is

Frjálst val: Nei



Námsþættir

Heiti námsþátta kemur fram í yfirlitstöflu hér að framan og nánari lýsing er á hverjum námsþætti hér á eftir. Heitin eru lýsandi fyrir hvert fag. Þar fyrir aftan eru einkenni námsþátta úr namskra.is

Frumkvöðlafræði og fyrirtækjasmiðja

F-FRUM2RF (1)

Prep	2
Vinnustundir	20
Námsgrein	Frumkvöðlafræði
Viðfangsefni	Rekstrarform fyrirtækja, viðskiptahugmyndir, viðskiptatækifæri

Lýsing

Tilgangur námsþáttarinnar er að þjálfna námsmenn í að stofna sitt eigið einkahlutafélag með öllum tilheyrandi fylgiskjöllum og greinargerðum. Námsmenn fá jafnframt þjálfun í að koma auga á viðskiptatækifæri og leggja raunhæft mat á viðskiptahugmyndir, það er af hverju viðskiptahugmynd er líkleg til árangurs og fjárhagslega hagkvæm. Í námsþættinum meta námsmenn eigin getu til að útfæra þær hugmyndir sem unnið er með og hvar hægt er að sækja þekkingu sem upp á vantar.

Hæfniviðmið námsþátta

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mismunandi rekstrarformi fyrirtækja
- lögum og reglugerðum sem gilda fyrir mismunandi rekstrarform fyrirtækja
- öllum fylgiskjöllum og greinargerðum sem fylgja stofnun einkahlutafélags
- því sem felst í viðskiptaáætlun.

Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

- leggja grunn að viðskiptahugmynd
- greina markaðsstærð og samkeppni á viðkomandi markaði
- afla upplýsinga fyrir viðskiptahugmynd.

Nemi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- greina markaðstækifæri
- leggja mat á viðskiptahugmyndir
- stofna eigið einkahlutafélag.

Námsmat

Áhersla er lögð á símat og leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema



Markaðsrannsóknir

Þrep	2
Vinnustundir	20
Námsgrein	Markaðsfræði
Viðfangsefni	Markaðsrannsóknir, rannsóknartæki/hugbúnaður, skýrsluskrif

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að þjálfa námsmenn í að gera einfaldar netmarkaðsrannsóknir frá upphafi til enda, ásamt skýrsluskrifum. Fjallað er um tilgang og markmið markaðsrannsókna, og hvenær þær eiga við. Einnig er fjallað um aðra þætti sem snerta markaðsrannsóknir, forvinnu og vinnslu á ítarlegri rannsókn, tölfræði við úrvinnslu og skekkjumörk. Námsmenn fá einnig þjálfun í að nota rannsóknartæki (hugbúnað) við markaðsrannsóknir.

Hæfniviðmið námsþáttar

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- framkvæmd markaðsrannsókna.
- mismunandi aðferðum við markaðsrannsóknir.
- tilgangi og markmiðum markaðsrannsókna.
- uppbyggingu markaðsrannsókna.

Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

- gera rannsóknaráætlun fyrir markaðsrannsókn.
- skrifa skýrslu um niðurstöður markaðsrannsóknar.
- nota rannsóknartæki (hugbúnað).

Nemi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- framkvæma einfalda netrannsókn frá upphafi til enda.

Námsmat

Áhersla er lögð á símat og leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.



Áætlanagerð í töflureikni

F-TÖUP2FF (3)

Þrep	2
Vinnustundir	20
Námsgrein	Tölvu- og upplýsingatækni
Viðfangsefni	Formúlur, fjárhags- og kostnaðaráætlanir, föll

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að veita nemum traustan grunn í gerð fjárhags- og kostnaðaráætlana, með áherslu á notkun töflureiknis (Excel) og færni í að nýta formúlur og föll. Áður en nemar hefja sjálfstæða vinnu við að setja upp eigin áætlanir er lögð áhersla á að fara yfir helstu hugtök, aðferðir og áætlanagerð í rekstri. Fjallað er um hvernig áætlanir styðja við rekstrarstefnu fyrirtækja og hvernig þær nýtast sem stjórnntæki í daglegum rekstri. Nemar þjálfast í að þekkja og reikna helstu kostnaðarliði, tekjuliði, arðsemi og afkomu, auk þess að meta áhrif mismunandi forsendna á rekstrarafkomu fyrirtækja. Í námsþættinum er unnið með dæmi og verkefni þar sem áhersla er á að byggja upp skilning á samhengi rekstrarliða og þjálfra færni í að búa til heildstæða og nothæfa fjárhagsáætlun.

Hæfniviðmið námsþáttar

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- áætlanagerð.

Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

- vinna með gögn í vinnubók í Excel
- nota prentstjórnun
- nota formúlur og reiknimerki
- nota tilvísanir
- nota innbyggðar formúlur
- búa til tengingar.

Nemi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- setja upp fjárhags- og kostnaðaráætlanir með tilheyrandi formúlum og föllum.

Námsmat

Áhersla er lögð á símat og leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni námsmanna



Verkefnastjórnun

F-VEST2VV (1)

Þrep	2
Vinnustundir	12
Námsgrein	Verkefnastjórnun
Viðfangsefni	Verkefni, forgangsörðun, skipulag, verklag

Lýsing

Tilgangur námsþáttarinnar er að námsfólk fái innsýn í grunnatriðum verkefnastjórnunar með áherslu á skilvirkt verklag, skipulag og forgangsörðun verkefna. Nemi fær kynningu á algengum verkfærum við verkefnastjórnun. Kennar eru aðferðir við að undirbúa verkefni, gera áætlanir og fylgja þeim eftir. Gagnlegt er að samþætta námsþáttinn við gerð viðskiptaáætlana í lokaverkefni.

Hæfniviðmið námsþáttar

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- því sem felst í verkefnastjórnun
- hlutverki og ábyrgð meðlima verkefnateymis
- áætlanagerð í verkefnastjórnun
- algengum verkfærum við verkefnastjórnun.

Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

- undirbúa verkefni.
- gera áætlanir.

Nemi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- nota algeng verkfæri við verkefnastjórnun
- fylgja áætlunum eftir.

Námsmat

Áhersla er lögð á símat og leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni námsmanna.



Lykiltölur og lausafé

F-VSKG2AR (1)

Þrep	2
Vinnustundir	20
Námsgrein	Viðskiptagreinar
Viðfangsefni	Arðsemisútreikningar, afskriftir, arðsemi, eftirspurn, framboð, framleiðsla, framvirði, jafnvægisgreining, núvirði, ávöxtunarkröfur, áætlanagerð

Lýsing

Tilgangur námsþáttarinnar er að þjálfa námsmenn í arðsemisútreikningum og aðferðum til að hámarka hagnað við mismunandi skilyrði. Fjallað er um áætlanagerð fyrirtækja, svo sem greiðslu- og rekstraráætlanir til að geta framreiknað áætlaðan efnahag í árslok. Einnig er fjallað um framleiðslu, framboð, eftirspurn og arðsemi ásamt jafnvægisgreiningu og aðra útreikninga með tilliti til ýmissa kostnaðarþátta. Farið er í forsendur ávöxtunarkrafna og aðferðir við að meta núvirði, framvirði og afskriftir mismunandi fjárfestinga.

Hæfniviðmið námsþáttar

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- fjárhaldsgögnum sem fyrirtæki þurfa að halda skrá yfir
- undirstöðuatriðum í sjóðstreymi fyrirtækis
- fjármögnunarleiðum fyrir nýtt fyrirtæki
- grundvallaratriðum fjármálastjórnunar
- mikilvægi þess að halda bókhald.

Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

- reikna út arðsemi.
- nota aðferðir til að hámarka hagnað við mismunandi skilyrði
- meta núvirði, framvirði og afskriftir mismunandi fjárfestinga
- framreikna áætlaðan efnahag í árslok út frá greiðslu- og rekstraráætlunum.

Nemi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- áætla framleiðslukostnað vöru eða þjónustu
- áætla hagnað eða tap fyrirtækis.

Námsmat

Áhersla er lögð á símat og leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni námsmanna.



Gerð viðskiptaáætlana - Lokaverkefni

F-LOVE3VÁ (1)

Þrep	3
Vinnustundir	80
Námsgrein	Lokaverkefni
Viðfangsefni	Viðskiptaáætlun

Lýsing

Tilgangur lokaverkefnisins sem felst í gerð viðskiptaáætlunar er að gefa námsmanni tækifæri til að samþætta þá hæfni, leikni og þekkingu sem hann hefur aflað sér í öðrum hlutum námsins, það er á markaðsmálum, stofnkostnaði og rekstrarfjárförf auk annarra þátta sem farið er í á námstímanum þannig að hann geti áætlað arðsemi þess að ráðast í framkvæmd eigin hugmyndar. Námsmaður á að koma viðskiptaáætluninni á framfæri í greinargerð á skýran og skilmerkilegan hátt og sýna fram á að heildarhæfniviðmiðum námsins sé náð. Námsmaður kynnir viðskiptaáætlun sína við lok námsins.

Hæfniviðmið námsþáttar

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- meginatriðum við gerð viðskiptaáætlunar.

Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

- finna nauðsynlegar upplýsingar sem þarf við gerð viðskiptaáætlunar
- kynna niðurstöður verkefnis fyrir öðrum.

Nemi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- gera viðskiptaáætlun fyrir vöru eða þjónustu
- setja viðskiptaáætlun fram á skýran og skilmerkilegan hátt.

Námsmat

Áhersla er lögð á símat og leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni námsmanna.



Samningatækni

F-SAMN3MS (1)

Þrep	3
Vinnustundir	20
Námsgrein	Samningatækni
Viðfangsefni	Samningar, samningagerð, samningskraftur, samningsmarkmið, samningsstaða

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að þjálfna námsmenn í að taka þátt í samningaviðræðum við mismunandi aðila, greina samningsstöðu helstu keppinauta og ljúka samningaviðræðum við viðskiptavini. Fjallað er um þau grunnatriði sem mestu máli skipta við samningagerð með langtíma hagsmuni beggja að leiðarljósi, þar sem báðir aðilar standa uppi sem sigurvegarar. Fjallað er um leiðir til að greina samningsstöðu og samningskraft eigin fyrirtækis og viðsemjanda. Einnig fá námsmenn þjálfun í að skilgreina samningsmarkmið og ákjósanlega útkomu fyrir eigið fyrirtæki.

Hæfniviðmið námsþáttar

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- samningaviðræðum
- leiðum til að greina samningsstöðu og samningskraft eigin fyrirtækis og viðsemjanda
- mikilvægi þess að skrásetja ferli samningsviðræðna og með hvaða hætti það er gert í eigin fyrirtæki.

Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

- skilgreina samningsmarkmið og ákjósanlega útkomu fyrir eigið fyrirtæki.

Nemi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- greina samningsstöðu helstu keppinauta
- ljúka samningaviðræðum við viðskiptavini
- gera samninga með langtímahagsmuni allra samningsaðila að leiðarljósi.

Námsmat

Áhersla er lögð á símat og leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni námsmanna.

